

## Yfirlýsing frá stjórn Vátryggingarfélags Íslands hf. (VÍS)

Stjórn VÍS hf. hefur ekki gert það að venju sinni að svara fyrir orðróm sem skapast um félagið, en telur sig knúna til að koma eftirfarandi á framfæri vegna nýlegra ummæla um stjórnarhætti og fréttu af sölu stórra hluthafa á hlutum í félaginu:

Stjórn VÍS hf. leggur ríka áherslu á að lögum, samþykktum, starfsreglum stjórnar og leiðbeiningum um góða stjórnarhætti sé fylgt til hins ítrasta við rekstur félagsins, þ.m.t. lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og lögum nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi. Stjórn VÍS hf. hefur einsett sér að gera VÍS að öflugra félagi, sem standi öðrum tryggingarfélögum framar og skili eigendum sínum sanngjörnum arði.

Gagnrýni fyrrverandi stjórnarformanns VÍS hf., um að stjórnarháttum félagsins sé ábótavant, koma stjórninni á óvart. Stjórnin bendir á, að stjórnarformaðurinn fyrrverandi sat aldrei stjórnarfund í félaginu eftir að ný stjórn skipti með sér verkum í kjölfar aðalfundar í mars sl. Því verður ekki betur séð en að gagnrýnin byggi á ágiskunum.

Í ljósi nýlegra breytinga á yfirstjórn VÍS og kaupa á hlut í fjárfestingabankanum Kviku hf. fyrr á árinu vill stjórn VÍS hf. áréttu, að fjárfesting félagsins í Kviku er skilgreind sem eign í fjárfestingarbók og svo verður áfram. Engin áform eru um breytingu á þeirri stöðu. Núverandi stjórn áformar heldur ekki að skipta sér af einstökum fjárfestingum í fjárfestingarbók félagsins. Slíkt hefur aldrei komið til tals.

Stjórn VÍS hvetur hluthafa sem vilja koma á framfæri ábendingum um stjórnarhætti félagsins, starfsemi þess eða annað er varðar félagið, til að setja sig í samband við formann stjórnar, enda er stjórn ávallt reiðubúin að hlýða á sjónarmið hluthafa.

Markmið stjórnar VÍS hf. er að efla rekstur félagsins svo félagið verði í fararbroddi, bæði í tryggingar- og fjárfestingarstarfsemi. Með því að hlúa að innviðum félagsins og einbeita okkur að kjarnastarfsemi þess munum við ná góðum árangri. Markmið okkar er að allir hluthafar geti sameinast um að gera betur í rekstri VÍS og verður það verkefni stjórnar, forstjóra og starfsfólks VÍS á komandi misserum.

Með vinsemd og virðingu,  
Stjórn VÍS

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir  
Helga Hlín Hákonardóttir  
Gestur B. Gestsson  
Valdimar Svavarsson